

Dags. 28. Apríl 2005

Fundur í sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps, fimmtudaginn 28. apríl '05 kl 20:00, á skrifstofu Raufarhafnarhrepps.

10. Önnur mál.

a. Samgönguáætlun 2005 - 2008.

Samgöngunefnd Alþingis – Tillaga til Þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun.

“Sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps lýsir yfir vonbrigðum sínum með nýja samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008 þar sem seinkun er boðuð á fjárveitingum til vegagerðar yfir Hólaheiði. Sveitarstjórn leggur þunga áherslu á að verkið verði boðið út í haust og fjárveiting ársins 2005 verði nýtt til verksins. Sveitarstjórn skorar á þingmenn kjördæmisins að standa við kosningaloforð sem gefin voru.

Sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps þakkar sveitarstjórn Þórshafnarhrepps og sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps stuðning við kröfu sína um að tenging til Raufarhafnar komi í beinu framhaldi af þverun Hólaheiðar.”

Kveðja,
Guðný Hrund